



Árshlutareikningur Byggingastofnunar janúar – júní 2024

Árshlutareikningur Byggingastofnunar fyrir tímabilið janúar – júní 2024, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 29. ágúst 2024.

Árshlutareikningur Byggingastofnunar fyrir tímabilið janúar – júní 2024 er fyrsta árshlutauppgjör stofnunarinnar sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS").

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs á landsbyggðunum.

Afkoma tímabilsins var jákvæð um 1.090 milljónir króna á móti jákvæðri afkomu upp á 285 milljónir króna á sama tímabili 2023. Eiginfjárlutfall í lok árs skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 24,64% í lok júní.

Um stofnunina gilda lög um Byggingastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggingastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggingastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Þá annast stofnunin framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Skrifstofa stofnunarinnar er á Sauðárkróki.

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi

- Afkoma tímabilsins var jákvæð um 1.090 milljónir króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 24,64% en skal að lágmarki vera 8%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 771 milljón króna eða 50% af vaxtatekjum, samanborið við 557 milljónir króna (39% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur á sama tímabili 2023.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 350 milljónum króna samanborið við 326 milljónir árið 2023.
- Eignir námu 28.393 milljónum króna og hafa hækkað um 3.057 milljónir frá árslokum 2023. Þar af voru útlán 24.237 milljónir samanborið við 22.071 milljónir í árslok 2023.
- Skuldir námu 22.604 milljónum króna og hækkuðu um 1.967 milljón frá áramótum.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Arnar Már Elíasson forstjóri Byggingastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu arnar@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr árshlutareikningi og samanburður við fyrri ár

	30.6.2024	2023
	Þús. kr.	Þús. kr.
Yfirlit um afkomu		
Vaxtatekjur.....	1.533.732	2.706.642
Vaxtagjöld.....	763.049	1.463.293
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>770.683</i>	<i>1.243.349</i>
Aðrar rekstrartekjur.....	426.363	656.934
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>1.197.046</i>	<i>1.900.283</i>
Önnur rekstrargjöld.....	106.729	1.196.783
Afkoma ársins.....	1.090.317	703.500

Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána lánsloforða og annarra krafna

-464.170 164.172

	30.6.2024	31.12.2023
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Handbært fé.....	1.737.413	926.930
Markaðsskuldabréf.....	349.979	340.013
Aðrar kröfur.....	10.424	25.296
Hlutabréf.....	317.846	285.687
Fullnustueignir.....	10	10
Hlutdeildarfélag.....	969.649	904.568
Útlán til viðskiptavina.....	24.237.725	22.071.447
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	769.619	781.796
Eignir samtals.....	28.392.666	25.335.747

Skuldir og eigið fé		
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	21.340.487	19.901.162
Óráðstöfuð framlög.....	856.557	529.287
Aðrar skuldir.....	406.966	206.960
Skuldir samtals.....	22.604.010	20.637.408

Eigið fé		
Eiginfjárframlag.....	7.800.000	7.800.000
Uppsöfnuð afkoma.....	-2.011.344	-3.101.661
Eigið fé samtals.....	5.788.656	4.698.339

Skuldir og eigið fé samtals.....	28.392.666	25.335.747
---	-------------------	-------------------

	30.6.2024	2023
Sjóðstreymi		
Handbært fé (-til) frá rekstri.....	-437.088	-913.756
Fjárfestingarhreyfingar.....	-8.202	0
Fjármögnunarhreyfingar.....	1.260.297	163.058
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>815.007</i>	<i>-750.698</i>
Gengismunur á handbæru fé.....	-4.524	-8.709
Handbært fé í ársbyrjun.....	926.930	1.686.337
Handbært fé í lok árs.....	1.737.413	926.930

Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði

24,64%

22,64%